

Ekki er í ljós leitt, að nokkurt þessara skilyrða sé fyrir hendi í máli þessu, og var stefnanda því eigi rétt að sækja stefnda Gunnar í héraði til bótagreiðslu vegna dómaverka. Ber því að taka til greina kröfu stefnda Gunnars og vísa málinu frá dómi, að því er hann varðar. Einnig er rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda Gunnari málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00. Hins vegar virðist ekki efni til þess eftir atvikum að dæma stefnanda til sektargreiðslu, og verður sú krafa stefnda Gunnars ekki tekin til greina.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi, að því er varðar stefnda Gunnar A. Pálsson.

Stefnandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda Gunnari kr. 1.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 23/1954.

Ákærvaldið

gegn

Gísla Gíslasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 4. október 1954 var tekið fyrir í sakadómi Vestmannaeyja að rannsaka ætlað brot kærða, Gísla Gíslasonar, stórkaupmanns í Vestmannaeyjum, á ákvæðum laga nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Í máli þessu viðurkenndi kærði, að hann hefði flutt til landsins 28 kassa, samtals 2286 kg, af barnaleikföngum frá Vestur-Pýzkalandi án þess að hafa fengið innflutningsleyfi fyrir vörum þessum. Á farmskírteini var varan nefnd eldhúsáhöld, en við tollagreiðslu kom í ljós, að um barnaleik-

föng var að ræða, og galt kærði toll af vörunni samkvæmt ákvæðum tolllaga um leikfangatoll, en tollafgreiðslumaður lét hann fá vöruna í hendur, án þess að hann afhenti innflutningsleyfi.

Samkvæmt reikningi frá verzlunarfyrirtæki því í Hamborg, sem seldi kærða vöruna, nam innkaupsverð hennar 10.282,48 þýzkum ríkismörkum. Tollur sá, sem kærði galt af vörunni, er talinn hafa numið kr. 46.389,51.

Í þinghaldinu 4. október 1954 kannaðist kærði við að hafa brotið ákvæði laga nr. 88/1953 með því að flytja inn framangreinda vöru án innflutningsleyfa og bauðst til að greiða sekt í ríkissjóð til að sleppa við málssókn. Samþykkti dómariinn þetta og ákvað, að sektin skyldi vera kr. 10.000,00 til ríkissjóðs. Greiddi kærði sektina í þinghaldinu.

Eftir að kærði hafði greitt sekt sína, tók verðgæzlustjóri vöruinnflutning þenna til athugunar. Í bréfi til Innflutnings-skrifstofunnar, dags. 22. október 1954, kveður verðgæzlustjóri kærða hafa selt tilteknu verzlunarfyrirtæki í Reykjavík vöru þá, sem í málinu greinir, fyrir kr. 340.842,60 samkvæmt sölureikningi kærða, en kostnaðarverð vörunnar hafi alls numið kr. 90.745,38.

Með bréfi 30. október 1954 hefur dómsmálaráðherra samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 kært til Hæstaréttar til ónýtingar framangreinda ákvörðun bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í þinghaldi 4. október 1954 um að lúka máli kærða með dómssátt. Telur ráðherrann, að málalokin verði að teljast fjarstæð, þar sem sekt sú, er kærði gekkst undir að greiða, sé smáræði „í samanburði við hinn mikla hagnað, sem hann hefur haft“ samkvæmt áðurgreindum sölureikningi.

Kærða hefur verið gefinn kostur á að gæta réttar síns fyrir Hæstarétti.

Með því að á það má fallast, að samkvæmt gögnum þeim, sem nú liggja fyrir, megi telja dómssáttina fráleita, ber samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 að fella hana úr gildi.

Dómsorð:

Dómssátt sú, er kærði, Gísli Gíslason, gekkst undir

fyrir sakadómi Vestmannaeyja hinn 4. október 1954, er úr gildi felld.

Sátt í sakadómi Vestmannaeyja 4. október 1954.

Dómarinn lætur þess getið, að hann hafi samkvæmt ábendingu verðgæzlustjóra athugað, hvernig varið væri tollafgreiðslu á leikfangasendingu, sem kom til Reykjavíkur með Skógafossi síðari hluta ágústmánaðar, og var sendingin frá Gísla Gíslasyni, stórkaupmanni hér. Var varan nefnd búsáhöld á farmskírteini Skógafoss.

Við athugun kom í ljós, að vara þessi hafði komið til Vestmannaeyja með e/s Dettifossi frá Hamborg, og var farmskírteini dagsett 24. júlí sl. og hljóðaði um 28 kassa „kitchen utensils“, 2.286 kg. Hafði verið „deponerað“ kr. 46.389,51 fyrir tolli. Maður sá, sem venjulegast annast tollafgreiðslu, var ekki í bænum, en kom heim 2. þ.m. Skýrði hann þá frá því, að Gísli hefði komið til sín með farmskírteinið, og stimplaði hann á það leyfi til skipaafgreiðslunnar um afgreiðslu vörunnar, enda kvað hann sig hafa haldið, að um búsáhöld væri að ræða. Tollverðirnir skoðuðu vöruna, og kom þá í ljós, að hér var um leikföng að ræða. Krafði tollafgreiðslumaðurinn Gísla þá um innflutningsleyfi og leikfangatoll. Greiddi Gísli tollinn, en hafði ekki innflutningsleyfi fyrir leikföngum frá Vestur-Þýzkalandi, en aðeins 5.000 króna leyfi frá Austur-Þýzkalandi og 1.500 króna leyfi frá Englandi. Kvað hann Gísla hafa lofað að standa skil á leyfunum síðar.

Til staðar er í sakadóminum farmskírteini Dettifoss 24. júlí, reikningur frá firmanu Terramar í Hamborg, að fjárhæð DM. 10.282,48, enn fremur innflutningsskýrsla, undirrituð af Gísla Gíslasyni, og er varan þar talin „Barnabúsáhöld og leikföng“. Enn fremur eru til staðar innflutningsleyfi, B. 39234 og A. 8186.

Mætti þá í dóminum kærði, Gísli Gíslason, fæddur 22/11 1917 í Vestmannaeyjum, til heimilis að Heimagötu 15, og var hann áminntur um sannsögli og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. laga nr. 27/1951. Kærðum eru sýnd hin fram lögðu skjöl. Kærður játar að hafa flutt inn leikföng þessi á þann hátt, er að framan segir, og hafi hann ekki haft innflutningsleyfi frá Vestur-Þýzkalandi, en telur, að hann hafi haft ástæðu til þess að ætla, að hann fengi það von bráðar.

Kannast mættur við að hafa brotið lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Byðst kærður til að greiða sekt í ríkissjóð til þess að sleppa við málssókn.

Samþykkti dómarinn þetta og ákvað, að sektin skyldi vera kr. 10.000,00, og greiddi kærður sektina í réttinum. Enn fremur greiddi hann kr. 25,00 í málkostnað.